Samþykkt ársfundar Kennarasambands Íslands 27. apríl 2007 um nýja menntastefnu og 10 skrefa samkomulag KÍ og menntamálaráðherra

Ársfundur Kennarasambands Íslands, haldinn á Hótel Sögu 27. apríl 2007, lýsir ánægju sinni með tillögur þeirra starfshópa samkvæmt tíu skrefa samkomulagi KÍ og menntamálaráðherra sem þegar liggja fyrir. Fundurinn telur jafnframt að bréf menntamálaráðherra til KÍ frá 25. apríl sl. sé mikilvægt innlegg í þá vinnu sem eftir er.

Ársfundurinn þakkar fulltrúum Kennarasambands Íslands og öðrum fulltrúum í starfshópunum fyrir mikið starf og telur tillögurnar í heild efni í góða menntastefnu um enn betri skóla og aukið jafnrétti til náms. Um þetta vitna margar tillögur svo sem um að auka og festa í lög rétt, möguleika og aðstöðu nemenda til náms, um gjaldfrjálsan skóla til 18 ára aldurs og um aukna ábyrgð stjórnvalda á að bjóða nemendum fjölbreytilegt nám og námslok við hæfi. Ársfundurinn leggur áherslu á að stjórnvöld taki fyrirliggjandi tillögur um endurskoðun náms og skólastarfs til efnislegrar meðferðar og taki afstöðu til framkvæmdar þeirra og fjármögnunar.

Fundurinn veitir fulltrúum KÍ í þeim nefndum sem ekki hafa lokið störfum fullt umboð til áframhaldandi vinnu að málinu samkvæmt þeirri stefnu sem sambandið hefur markað. Ársfundurinn fagnar áherslum í framkomnum tillögum um fjölbreytt og jafngilt nám, breytilegan námstíma og lokapróf allt eftir inntaki námsins og viðtökumiðun þess og áréttar að Kennarasamband Íslands varar sem fyrr við öllum hugmyndum um skerðingu á námi.

Fundurinn væntir þess að heildarniðurstaða náist á næstu mánuðum þannig að nemendur, kennarar og samfélagið allt geti vel við unað.

<u>Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum á fundinum.</u>